

Fljótsdalshérað
Lyngási 12
700 Egilsstaðir



UMHVERFISSTOFNUN

Akureyri, 17. desember 2013
Tilvísun: UST20131100064/gsá


Staðfesting á úrbótum móttækin - máli lokið


Umhverfisstofnun vísar í bréf með eftirlitsskýrslu, dags. 11. nóvember 2013, þar sem fjallað er um þrjú frávík frá starfsleyfi, sem komu fram við reglubundið eftirlit hjá urðunarstað Fljótsdalshéraðs að Tjarnarlandi þann 7. ágúst 2013, er varðar ólæst hlið við aðkomu að urðunarstaðnum, ein urðunarrein var opin og í henni sást grófur úrgangur sem var óþakinn og að engar hliðarþéttingar voru í urðunargryfjum.

Umhverfisstofnun barst bréf frá rekstraraðila, dagsett þann 29. nóvember þar sem fram kemur að búið sé að setja keðju og lás á hlið við urðunarstaðinn og er hliðið læst utan opnunartíma. Rætt hefur verið við verkataka um að gengið skuli frá öllum urðunarreinum daglega en náist ekki að moka yfir þær þá verða þær huldar með netum fram á næsta dag. Þann 3. desember sl. var sótt um framlengingu á undanþágu frá starfsleyfi og beðið er niðurstöðu þeirrar umsóknar. Nýtt starfsleyfi fyrir urðunarstaðinn er í vinnslu og verður sérstaklega tekið á frágangi hliðarþéttinga í urðunargryfjum í nýju leyfi. Lítur Umhverfisstofnun á þetta sem fullnægjandi úrbætur og mun ekki aðhafast frekar vegna frávíksins.

Hér með staðfestist að urðunarstaður Fljótsdalshéraðs að Tjarnarlandi hefur bætt úr þeim frávíkum sem komu fram við reglubundið eftirlit ársins 2013.

Virðingarfyllt


Sigrún Ágústsdóttir
Sviðsstjóri


Guðbjörg Stella Árnadóttir
Sérfræðingur